

Fjármálaeftirlitið

Ávarp stjórnarformanns á ársfundinum 7. nóvember 2006.

Fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins býð ég ykkur velkomin til þessa ársfundar. Að loknu ávarpi mínu mun forstjóri eftirlitsins, Jónas Friðrik Jónsson, gera grein fyrir verkefnum þess á síðasta starfsári sem endaði 30. júní sl. Ennfremur mun Jónas skýra frá helstu atriðum í þróun og horfum á fjármálamarkaði, ásamt því að greina frá áherslum í starfi eftirlitsins á næstu misserum. En áður en að því kemur langar mig að fjalla í stuttu máli um nokkur atriði í verklagi eftirlitsins, ásamt því að greina frá gagnrýni sem fram hefur komið á regluverkið, sem byggt er á við gerð reikningsskila, og mér sýnist viðeigandi að koma á framfæri hér. Þá mun ég að lokum fara nokkrum orðum um rekstur stofnunarinnar á síðasta ári og áætlunum um reksturinn til næstu ára.

Þeir, sem starfa í eftirlitsiðnaðinum svonefnda, hljóta sífellt að spyrja sig að því hver séu markmiðin með eftirlitinu og hvernig þeim verði best náð. Sérstaklega verða þeir sem starfa í fjármálaeftirliti að veða og meta hvernig eigin eftirlitsaðgerðir eftirlitsskyldara aðila virka, m.a. í því skyni að ákveða áherslur í vinnu eftirlitsins. Það má gera með tvennum hætti. Annars vegar með úrvinnslu á tölulegum gögnum sem eftirlitið fær frá eftirlitsskyldum aðilum í formi sérstakra skýrsla eða reikningsskila, og hins vegar með sérstökum rannsóknum sem gerðar eru á vettvangi. Hvorri tveggja aðferðinni verður að beita, svo vel sé að verki verið.

Eins og nánari grein verður gerð fyrir hér á eftir hefur Fjármálaeftirlitið verið að fá meira fé til rannsókna á eftirlitsskyldum aðilum. Kostnaður við eftirlitið verður um 410 milljónir kr. á árinu 2006 en ráðgert er að kostnaður þess verði um 568 milljónir kr. á árinu 2007. Við þessar aðstæður stendur upp á Fjármálaeftirlitið að gera ítarlega grein fyrir því hvernig þessu fé verður ráðstafað. Í því felst ekki aðeins að tíundað sé hvaða kostnaðarliðir munu hækka, heldur einnig hitt, sem er þýðingarmeira, að gerð sé grein fyrir hvaða verkefnum er unnið að og hvers vegna þau þarf að vinna, svo að Fjármálaeftirlitið nái markmiðum sínum. Hér skal vísað til ítarlegrar skýrslu eftirlitsins um rekstur og starfsumhverfi þess til næstu þriggja ára og birtist hún í fylgiskjali með skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað eftirlitsins fyrir árið 2007.

Því miður er það svo, að mínum dómi, að vegna skorts á fé og mannafla hefur á undanförunum árum ekki verið unnt að vinna nægilega mikið að rannsóknum á vettvangi, en nú standa vonir til að á því geti orðið breyting á næstu misserum vegna aukins ráðstöfunarfjár. Í þessu sambandi er það fagnaðarefni fyrir eftirlitið, að forystumenn í samtökum banka hafa lýst yfir stuðningi við eflingu þess. Það er staðfesting á því, að eftirlitið hefur hlutverki að gegna, þó með óbeinum hætti sé, í rekstri þessara fyrirtækja.

Eitt meginverkefni Fjármálaeftirlitsins samkvæmt ákvæðum laga er að kanna hvort rekstur eftirlitsskyldra aðila sé stundaður í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Til þess að sannreyna að svo sé, er ekki nóg að rýna eingöngu í tölur í reikningsskilum og öðrum skýrslum. Það er þýðingarmikið, að eftirlitið fari í frumheimildirnar sjálfar og afli beinna sönnunargagna en ekki einungis óbeinna. Þessu til staðfestingar er unnt að benda á mörg dæmi þess erlendis, að greiningaraðilar eða eftirlitsstofnanir hafa ekki skynjað hættumerki í rekstri fyrirtækja og stofnana með

Því einu að rýna í skýrslur og reikningsskil. Ennfremur eru þess mýmörg dæmi að eigin eftirlitskerfi fyrirtækja og stofnana hafi brugðist. Þessi atriði veða þungt þegar mat er lagt á þörfina fyrir sjálfstæðar eftirlitsstofnanir til svars við því sjónarmiði, sem stundum er fleygt, að þeim sé ofaukið. Þá þarf að tryggja að eftirlitið starfi afskiptalaust og án leiðsagnar í ákvörðunum sínum um hvernig eftirliti skuli hagað, þó að sjálfsögðu þurfi að kappkosta að gera það í góðri samvinnu við eftirlitsskylda aðila.

Kjörvinnulag í þessum efnum er, að flokkur þjálfaðra manna komi, helst án fyrirvara, í heimsókn og geri úttektir á afmörkuðum sviðum. Mál eru rannsökuð ofan í kjölinn og skýrslur skrifaðar að rannsókn lokinni, svo að hinn eftirlitsskyldi aðili fái jafnharðan að vita um niðurstöður rannsókna. Rétt er að taka skýrt fram, að heimsóknir starfsmanna Fjármálaeftirlitsins eiga að vera eðlilegur þáttur í starfsumhverfi eftirlitsskyldra aðila og eiga alls ekki að valda usla og þaðan af síður vera tilefni til opinberrar umræðu.

Um nauðsyn slíks vinnulags nefni ég eftirfarandi dæmi. Þó að það sé út af fyrir sig hughreystandi að heyra það frá yfirmönnum eftirlitsskyldra aðila að tiltekin svið séu undir styrku eftirliti og ferlar og vinnulag til fyrirmyndar, þá er það ekki bein sönnun fyrir Fjármálaeftirlitið. Það var t.d. ánægjulegt að heyra frá forystumönnum banka á fundi með fulltrúum Fjármálaeftirlitsins, að afleiðusamningar hvers konar væru í öruggu formi og engar sérstakar hættur í þeim fyrir viðkomandi stofnanir. Það eru auðvitað gleðitíðindi, að það sé mat þeirra sem gerst þekkja, en sýnist þó vera nokkuð á skjön við þá staðreynd, að erlend fyrirtæki og lánastofnanir hafa átt við nokkra, ef ekki verulega, byrjunarörðugleika að stríða vegna þessara nýju fjármálaatækja. Slíkar umsagnir, þó að þær séu gagnlegar, geta hins vegar ekki talist fullnægjandi sönnun fyrir eftirlitið. Því verður það að afla eigin sönnunargagna með rannsóknum á þessu sviði, sem og öðrum, sem sérstakar rannsóknir eru gerðar á.

Það liggur í hlutarins eðli, að það er mikilvægt að finna þá þætti í rekstri og efnahagsstöðu eftirlitsskyldra aðila sem gætu verið fyrirboðar um erfiðleika. Í þessu sambandi er t.d. athyglisvert hversu miklar breytingar hafa orðið á rekstrarskipan lánastofnana hér á landi á fáum árum. Það stappar nærri að skipta megi megintekjum þessara fyrirtækja í þrjár gerðir. Einn er vaxtamunur af hefðbundinni bankastarfsemi, annar er þóknanatekjur af sérverkefnum og sá þriðji er matsbreytingar á eignum og skuldum. Fyrir örfáum árum var fyrsta gerðin, þ.e. vaxtamunurinn, langstærsta tekjulindin, ef ekki beinlínis eina tekjulindin en hefur nú miklu minna vægi. Þessar nýju tekjulindir sýnast ekki vera eins traustar og því má búast við meiri sveiflum í öflun þeirra en stafar af vaxtamun. Því er nauðsynlegt, að Fjármálaeftirlitið hafi sérstaklega auga með þróun þessara tekna í rannsóknum á rekstraráhættu. Þessu efni þarf að mínum dómi að gera góð skil af hálfu eftirlitsins, ekki dugir að horfa einungis til efnahagsstærða við mat á stöðugleika í fjármálaumhverfinu, þó alls ekki sé verið að gera lítið úr þess konar rannsóknum.

Rétt þykir að taka fram, að hér er ég að koma á framfæri mínum skoðunum á því hvernig eftirlitið geti nýtt það tækifæri sem nú sýnist í boði, þar sem það mun hafa nokkuð meira fé til ráðstöfunar á næstu árum en áður, ef fram fer sem horfir. Á hinn bóginn má búast við að nokkurn tíma geti tekið að innleiða til fulls vinnulag af því tagi, sem ég hef nú lýst, en í þeim efnum er rétt að vekja athygli á áformum eftirlitsins um mögulega þjálfun starfsmanna erlendis, sem gæti nýst vel og vonir eru bundnar við.

Þá að öðru. Á þessum vettvangi hef ég á undanförunum árum séð ástæðu til þess að fjalla lítillga um ýmis álitafni úr heimi reikningshaldsins. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hversu þýðingarmikið er, að reikningsskil séu áreiðanleg á fjármálamarkaði fyrir fjárfesta og lánardrottna, en jafnframt eru þau og munu verða ein aðalheimild Fjármálaeftirlitsins í störfum þess. Þegar markaður hófst hér á landi voru þess mörg dæmi að misræmi væri í mælingum fyrirtækja á afkomu og efnahag en nú hefur talsvert úr því dregið. Tvennt kemur þar einkum við sögu, annars vegar skýrari löggjöf um gerð reikningsskila sem sífellt hefur tekið framförum, en ekki síst hitt, að fyrirtæki á markaði þurfa nú að hlíta ítarlegum reglum alþjóðlega reikningsskilaráðsins, sem kappkostað hefur að fækka kostum við þessar mælingar þannig að meira samræmi er milli fyrirtækja en áður. En þó að þetta sé ánægjuleg staða, þá er því ekki þannig farið að menn sem til þekkja séu allir þeirrar skoðunar að þessar mælireglur hafi náð fullkomnun og engu við að bæta; því fer raunar víðs fjarri.

Fyrir nokkrum árum skrifaði fyrrum yfirmaður reikningsskiladeildar bandaríska verðbréfaeftirlitsins, Walter Schuetze, grein um reikningshald (What are Assets and Liabilities? What is True North? (Accounting That My Sister Would Understand)), þar sem hann hélt því fram, að regluverkið um gerð reikningsskila væri orðið alltof umfangsmikið, alltof nákvæmt og alltof flókið. Hann taldi, að skilgreiningar í reikningshaldi á helstu hugtökum væru of víðfeðmar þannig að of margir skráningarkostir kæmu til greina, þrátt fyrir tilburði reglusmíðaraðila um að fækka þeim. Afleiðing þess væri sú, að venjulegt fólk gæti alls ekki lesið efni reikningsskila sér til gagns. Sjálfstætt athugarefni er svo, hvort það hefur einhvern áhuga á því. Raunar dregur höfundur greinarinnar í efa, að jafnvel þeir sem hafa atvinnu af því að lesa reikningsskil fyrirtækja skilji þá til fulls. Ef það mat er rétt, sýnast það geta verið váleg tíðindi fyrir fjármálamarkaðinn.

Í stöðlum um reikningshald segir, að efni þeirra sé fyrst og fremst fyrir upplýsta lesendur, þ.e. þá sem lagt hafa sig fram að kynna sér rækilega reglur um mælingu á frumeiningum reikningsskila og hafa til þess burði. Þeir sem það gerðu kæmust að eftirfarandi:

Eignir geta verið skráðar við kostnaðarverði, kostnaðarverði að frádregnum afskriftum, gangvirði, markaðsverði, endurmatsvirði þar sem fleiri en einn kostur sýnist geta verið í boði, nafnverði, áætluðu innheimtuvatverði, kostnaðarverði eða dagvirði, hvort sem lægra reynist, verðbættu verði eða gengisbættu verði. Og svo til að einfalda málið geta eignir verið skráðar í bókhald fyrirtækja, þó að þau eigi ekkert í þeim.

Á hinni hlið efnahagsreikningsins, þar sem segir frá fjármagni, gildir einnig fjölbreytt safn reglna. Þannig geta skuldir verið skráðar á kostnaðarverði (betur fer raunar að segja að þær séu skráðar miðað við upphaflegt viðskiptaverð eða ávöxtunarkröfu), nafnverði, núvirtu verði, gangvirði, markaðsverði, verðleiðréttu verði og gengisbættu, sem og áætluðu greiðsluvirði. Loks sýnist einnig vera notuð sú aðferð að færa lánökukostnað sem viðbótarafföll eða sem frádrátt frá yfirverði, þannig að bókfært verð skuldar endurspeglar ekki upphaflega kaupkröfu fjárfestis. Þá er því einnig þannig varið um skuldir, að þær geta verið skráðar í bókhaldi, þó að gagnaðili hafi ekki hugmynd um að hann eigi kröfu.

Því miður er afar sennilegt, að mér hafi ekki tekist að tíunda alla þá kosti sem greina koma, en hér hafa þó vafalaust verið taldir upp þeir sem mestu skipta. Til viðbótar þessum kostum er svo það, að jafnvel þjálfaðir semjendur reikningsskila gætu komist að ólíkum niðurstöðum um nánast alla tilgreinda skráningarkosti. Loks má enn fremur benda á, að fyrirtæki kunna að hafa eigin skráningarreglur sem rúmast illa eða alls ekki innan regluverksins. Dæmi um það heyrðu þeir, sem hafa séð nýlega heimildarmynd um Enronmálið, þar sem forstjóri fyrirtækisins, Skilling að nafni, skýrði á opinberum fundi frá einhverju sem hann kallaði “ímyndað framtíðarvirði” (e. hypothetical future value) og kvað vera uppfinningu fyrirtækisins og glotti við. Er nema von að bandaríska reikningsskilaráðið hafi nýlega gefið út ítarlegt umræðuskjal um ákvörðun gangvirðis (e. fair value) vegna þess sveigjanleika sem virðist geta verið í mati á þeirri stærð?

En það er ekki aðeins svo, að þessar skráningarreglur hafi mikil áhrif í efnahagsreikningi fyrirtækja, því rekstrarreikningurinn er einnig ofseldur þessum mælireglum. Afkomuhugtakið sjálft ræðst nú að verulegu leyti af mælingum á eignum og skuldum, en áður þótti rétt í því sambandi að skilgreina tekjur og gjöld, þ.e. hreyfistærðirnar fremur en stöðustærðirnar í efnahagsreikningi. Enn fremur hefur það orðið til þess að flækja þessa mynd, og gera lesendum erfiðara fyrir, að sumar matsbreytingar færast ekki í rekstrarreikning heldur á eigið fé og verða hluti af svokallaðri heildarafkomu (e. comprehensive income). Þannig tókst að rjúfa það rökræna samband sem hefur verið ær og kýr reikningshaldsmanna síðastliðin 500 ár. Þessi lýsing ætti að duga til að sýna fram á, að efni reikningsskila er orðið býsna flókið og torlesið. Það eitt og sér ætti að verða mönnum umhugsunarefni því það stríðir gegn tilgangi þeirra sem er upplýsing. Í þessu viðfangi er fróðlegt, að Walter Schuetze segir í sömu og grein og skýrt var frá hér að framan, að tveir fræðimenn (Epstein og Palepu) hafi gert könnun hjá greiningaraðilum um, hvað þeim þætti erfiðast við efni reikningsskila. Svarið kom að bragði og var hiklaust – skýringar sem þeim fylgja – eins þversagnarkennt og það nú er.

En hvaða efni er í skýringum? Þar er að finna lýsingu á þeim mælireglum sem fyrirtæki nota og er grundvöllur þeirra. Með því að lýsa því yfir, að þeir, þ.e. greiningaraðilar hjá fjárfestingarbönkum (e. sell-side analysts), skilji ekki skýringar voru þeir að játa að þeir skilji ekki grunnhugtök reikningshaldsins. Þó að könnunin tæki til þessara greiningaraðila fullyrti Walter Schuetze að niðurstöðurnar ættu ekki síður við greiningaraðila sem vinna hjá eignastýringarfyrirtækjum (e. buy-side analysts). Enn fremur er í skýringum að finna ítarlegri upplýsingar um einstaka liði reikningsskilanna en unnt er að koma fyrir í töluþýrlitunum sjálfum.

Þó að ég eigi víst að teljast sæmilega þjálfaður semjandi/lesandi reikningsskila verð ég að játa að ég hef talsverða samúð með sjónarmiðum greiningaraðilanna. Raunar kom það fram í grein fyrrum yfirmannsins hjá bandaríska verðbréfaeftirlitinu og nú væri svo komið, að enginn einn sérfræðingur í reikningshaldi kynni skil á öllum stöðlum heldur væru sumir sérfræðingar í skráningu verðbréfa eða afleiða, og aðrir í eftirlaunaskuldbindingum eða frestuðum skattskuldbindingum, o.s.frv. Þegar svona er komið, er nema von að undan regluverkinu sé kvartað. Fátt sýnist þó bita á semjendur þessara reglna og meira er framundan. Niðurstaðan af því verður sú, að reikningsskil fyrirtækja, einkum flókinna eins og fjármálastofnana, verða bara fyrir endurskoðendur og aðra sérfræðinga á sviði reikningsskila. Ég hirði ekki um að skýra frá tillögum þess erlenda sérfræðings til úrbóta en nefni þó, að þær ganga allar í átt til verulegrar

einföldunar á mælireglum reikningshaldsins, en því miður sýnist sú einföldun ekki vera í sjónmáli, heldur sýnist frekara flækjustig vera framundan.

Til þess að yfirfæra þessa umræðu á íslenskan veruleika hafði ég í hyggju að skýra ykkur frá lauslegri athugun, sem ég hef gert á efni ársreikninga fjármálastofnana, einkum í skýringum, en ég ákvað að hlífa ykkur við því. Meginniðurstaða mín var þó sú, og mjög til samræmis við ábendingar hins erlenda sérfræðings, að það efni væri ekki mjög lesendavænt. Til að mynda tekur um 15 - 20 blaðsíður að skýra frá helstu reikningsskilaaðferðum þessara fyrirtækja, sem kemur ekki á óvart með hliðsjón af áður nefndum reglum, og þá eru ótaldar 30 - 40 blaðsíður í viðbót um ýmislegt ítarefni sem ekki er allt aðgengilegt.

Nú vil ég að lokum fara nokkrum orðum um rekstur stofnunarinnar á síðasta ári og rekstrarspá fyrir næsta ár. Í rekstrarspá fyrir árið 2005 var gert ráð fyrir að tekjur yrðu alls um 301 millj. kr. en reyndust verða 306 millj. kr. Þessi bati í tekjum vó nokkuð á móti hækkun í kostnaði en hann var áttaður 310 millj. kr. en varð hins vegar 325 millj. kr. Aukningin í kostnaði skýrðist af tvennu, eins og greint var frá á síðasta ársfundi, þ.e. tveimur starfsmönnum var bætt við og launaskriði. Samkvæmt þessu varð rekstrartap 19 millj. kr. en spá miðast við 9 millj. kr. í tap vegna fyringa frá fyrra ári. Afleiðing þessa var sú í efnahagsreikningi í árslok 2005 að eigið fé var neikvætt um 10 millj. kr. en spár hafa fram til þessa ávallt miðast við að núllstilli í eigið fé í lok hvers spátímabils.

Rekstrarreikningur	Rauntölur	Áætlun		Rauntölur
	2005	2005	Mismunur	2004
Tekjur	millj.kr.	millj.kr.	millj.kr.	millj.kr.
Tekjur af eftirlitsgjaldi.....	299,9	298,0	1,9	288,3
Aðrar tekjur.....	5,7	3,0	2,7	3,1
	305,6	301,0	4,6	291,4
Gjöld				
Launakostnaður.....	239,5	228,1	(11,4)	203,3
Annar kostnaður.....	85,1	81,4	(3,7)	84,0
	324,6	309,5	(15,1)	287,3
Tekjuafgangur (rekstrarhalli).....	(19,0)	(8,5)	(10,5)	4,1
Yfirfært frá fyrra ári.....	8,9	8,5		
Yfirfært til næsta árs.....	(10,1)	0,0		
Í ofangreindum tölum er tekjum og gjöldum vegna úrskurðarnefna sleppt:				
Tekjur úrskurðarnefnda námu	6,0			6,3
Gjöld úrskurðarnefnda námu	(6,0)			(6,3)

Í upphaflegri spá fyrir árið 2006 var gert ráð fyrir að tekjuafgangur ársins yrði um 17 millj. kr. til þess að veða á móti ráðgerðu neikvæðu eigin fé í árslok 2005. Nú má hins vegar búast við að tekjuafgangurinn verði um 28 millj. kr. og skýrist aukningin fyrst og fremst af því að tekjur af eftirlitsgjaldi hafa orðið 11 milljónum kr. hærrí en ráðgert var. Skýringin á þessu er sú, að samruni lánastofnana og breyting á starfsleyfum skilaði eftirlitinu hærri tekjum en spáð var. Þannig verður eigið fé

eftirlitsins líklegast um 18 millj. í árslok 2006 sem á rætur í tvennu, hærri eftirlitstekjum og betri eiginfjárstöðu í árslok 2005 en spár sögðu til um.

Efnahagsreikningur	Endurskoðuð			
	Árslok 2005	Árslok 2004	spá 2006	Spá 2007
Eignir:				
Bankainnstæða.....	6,1	13,9	17,7	0,0
Aðrar eignir.....	2,6	3,3	0,0	0,0
	8,7	17,2	17,7	0,0
Skuldir og hrein eign:				
Skuldir.....	18,8	8,3	0,0	0,0
Hrein eign (neikvætt).....	(10,1)	8,9	17,7	0,0
	8,7	17,2	17,7	0,0

Í spá eftirlitsins fyrir árið 2007, sem nú liggur fyrir í skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan kostnað eftirlitsins, skv. ákvæðum laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er miðað við að kostnaður verði 18 millj. kr. hærri en ráðgerðar tekjur þannig að eigið fé verði núll í árslok 2007. Tekjur eru áætlaðar 550 millj. kr. en gjöld 568 millj. kr. Skýrslan til ráðherra var afhent undir lok júní fyrr á þessu ári en mánuði síðar var ráðherra gert viðvart um þá breytingu sem stjórn þótti rétt að gera og varðar viðbótarframlag til Lífeyrissjóðs bankamanna og í hlut eftirlitsins koma rúmlega 33 millj. kr. verði tillaga um að ná sátt um ákveðinn fortíðarvanda þess sjóðs samþykkt. Samkvæmt því hækka tekjur og gjöld um þá fjárhæð í nýrri spá fyrir árið 2007. Raunar er því þannig farið, að félagsfundur í hlutfallsdeild Lífeyrissjóðs bankamanna samþykkti í síðustu viku þá tillögu sem hér um ræðir.

Rekstrarreikningur (millj. kr.)	Endurskoðuð			Mismunur
	spá 2006	Spá nr 1 2007	Spá nr 2 2007	
Tekjur alls	438,3	549,9	583,3	33,4
Gjöld alls.....	(410,5)	(567,6)	(601,0)	(33,4)
Tekjuafgangur (halli)	27,8	(17,7)	(17,7)	0,0
Yfirfærð hrein eign frá fyrra ári (neikvæð)....	(10,1)	17,7	17,7	
Yfirfærð hrein eign til næsta árs (neikvæð)..	17,7	(0,0)	(0,0)	
Mismunur skýrist af kostnaði FME vegna Samkomulags vegna Lífeyrissjóðs bankamanna.				

Áætlunin fyrir árið 2007 miðast að sjálfsögðu við ákvæði gildandi laga en í frumvarpi til laga til breytingar á lögum um greiðslu kostnaðar eftirlitsins, sem nú liggur fyrir, er gerð tillaga um að eftirlitinu verði heimilt að mynda eigið fé í lok hvers árs og má það mest nema um 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi ársins á eftir. Frumvarpið, ef samþykkt, kemur til framkvæmda við áætlanagerð á næsta ári. Það þýðir að ráðgerðar tekjur samkvæmt spá nr. 2 gætu hækkað um tæplega 30 milljónir kr. svo að eiginfjármundun geti verið til samræmis við frumvarpið, en þó er ekki miðað við að efni frumvarpsins komi til framkvæmda fyrr en á árinu 2008.

Eins og ráða má af ofangreindu talnaefni og því sem hér fylgir, hefur orðið nokkur aukning í starfsemi eftirlitsins á síðustu árum, einkum síðustu tvö ár. Í skýrslu eftirlitsins til Alþingis um rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár er fjallað um þau tilefni sem þessu ráða. Þar segir frá umfangsmeiri verkefnum eftirlitsins, einkum vegna lánamarkaðar og verðbréfamarkaðar, ásamt nýjum verkefnum við eftirlit með peningaþvætti og upplýsingatækni svo eitthvað sé nefnt.

Fjármálaeftirlitið	Samtals	Ár	Árleg aukning	Hlutfallsleg breyting
Rekstrarkostnaður - millj. kr. - áætlun	568	2007	158	39%
Rekstrarkostnaður - millj. kr. - áætlun	410	2006	85	26%
Rekstrarkostnaður - millj. kr.	325	2005	38	13%
Rekstrarkostnaður - millj. kr.	287	2004	30	12%
Rekstrarkostnaður - millj. kr.	257	2003	(9)	(3%)
Rekstrarkostnaður - millj. kr.	266	2002	55	26%
Rekstrarkostnaður - millj. kr.	211	2001	-	-

Góðir fundarmenn,

Að þessu sögðu vil ég þakka stjórnarmönnum, forstjóra og starfsmönnum öllum gott samstarf og vel unnin störf í þágu eftirlitsins. Ennfremur vil ég fyrir hönd stjórnar eftirlitsins færa eftirlitsskyldum aðilum þakkir fyrir góða samvinnu við eftirlitið. Skipunartími minn rennur út í lok þessa árs og ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér til áframhaldandi formennsku í stjórn eftirlitsins en ég hef gegnt því hlutverki síðastliðin sex ár. Ég vil því nota þetta tækifæri til að þakka fyrir það traust sem ég tel að mér hafi verið sýnt með því að velja mig starfans. Það hefur verið mér sérstök ánægja og heiður að fá að starfa fyrir Fjármálaeftirlitið og með því ágæta fólki sem þar starfar. Megi ykkur farnast vel í þeim þýðingarmiklu verkefnum sem framundan eru. Nú tekur til máls forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Jónas Friðrik Jónsson.